



Reykjavík, 10.01.2022

VILJAYFIRLÝSING UM ORKUGARÐ

Undirritaðir aðilar, Mosfellsbær og Veitur ohf., gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um samstarf vegna Orkugarðs í Mosfellsbæ.

Áform eru um Orkugarð nærri Reykjum í Mosfellsbæ til þess að minnast upphafs nýtingar á heitu vatni á Íslandi sem á uppruna sinn nálægt þessum stað, en árið 1908 var fyrst leitt heitt vatn inn í íbúðarhús á Íslandi af Stefáni B. Jónssyni bónda á Reykjum.

Staðsetning Orkugarðs verði á lóð Veitna ohf. með landnúmer 125445 sem staðsett er til móts við Reykjabúið við upphaf götunnar Reykjahvols í Mosfellsbæ. Á þeirri lóð er nú þegar borhola MG-17 í eigu Veitna ohf. ásamt endastöð á vegum Strætó bs.

Aðilar sammælast um að vinna saman að deiliskipulagi Orkugarðsreits, í samræmi við meðfylgjandi drög, og stefna að því að hefja framkvæmdir við garðinn árið 2023 samkvæmt nánara samkomulagi milli aðila.

Jóhanna Björg Hansen, Framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna ohf.

Undirritunarsíða

Gestur Pétursson

Jóhanna Björg Hansen